

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, með síðari breytingum (afnám umsóknarfrests til að sækja um leyfisbréf).

Frá allsherjar- og menntamálanefnd.

### 1. gr.

3. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Þeir sem innrituðust í fullgilt 180 eininga kennaranám, bakkalárnám, til kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum á grundvelli laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 86/1998, og luku náminu fyrir 1. júlí 2012 eiga rétt á útgáfu leyfisbréfs til kennslu í leikskólum, grunnskólum og/eða framhaldsskólum. Sama gildir um þá sem innrituðust í 60 eininga diplómanám til kennslu í grunn- og framhaldsskólum og luku náminu fyrir 1. júlí 2012.

### 2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

### Greinargerð.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hafa borist ábendingar frá hópi nemenda í námi til B.Ed.-gráðu sem luku námi sínu fyrir 1. júlí 2012 en gættu þess ekki að sækja um leyfisbréf skv. 3. mgr. 23. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, fyrir þann tíma. Um er að ræða á annan tug nemenda sem svo er ástatt um og eiga þeir það eina úrræði í stöðunni að bæta við sig tveimur árum í námi til meistara-gráðu á sviði menntunarfræða. Því er lagt til í frumvarpinu að felldur verði brott frestur til að sækja um leyfisbréf til mennta- og menningarmálaráðuneytisins en þess í stað lagt til grundvallar að þeir sem byrjað hafi fullgilt kennaranám samkvæmt námsskipulagi eldri laga um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 86/1998, og lokið því fyrir 1. júlí 2012 eigi rétt á útgáfu leyfisbréfs og sé sá réttur ótímabundinn. Með sambærilegum hætti er lagt til að þeim sem innritast hafi í 60 eininga diplómanám til kennslu í grunn- og framhaldsskólum á grundvelli laga nr. 86/1998 og lokið hafa náminu fyrir 1. júlí 2012 veitist ótímabundinn réttur til útgáfu leyfisbréfs.

Framangreint lagaákvæði hljóðaði upphaflega þannig við setningu laga nr. 87/2008:

„Fram til 1. júlí 2011 skulu þeir sem fá leyfisbréf til kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum hafa lokið bakkalárprófi og tilskildu námi í uppeldis- og kennslufræðum.“

Eftir 1. júlí 2011 kom í ljós að stór hópur nemenda í bakkalárnámi og uppeldis- og kennslufræðinámi hafði ýmist lokið námi fyrir 1. júlí 2011 en lét hjá líða að sækja um leyfisbréf fyrir þann tíma eða hafði orðið fyrir töfum í námi vegna veikinda eða annarra ástæðna og náði því ekki að ljúka námi sínu fyrir 1. júlí 2011. Fulltrúar þessara nemenda

leitudo ásjár menntamálanefndar Alþingis á 139. löggjafarþingi, sem útbjó frumvarp til breytinga á áður nefndri 3. mgr. 23. gr. laga nr. 87/2008. Í nefndaráliti menntamálanefndar við afgreiðslu þess frumvarps sem varð að lögum nr. 139/2011 sagði eftirfarandi um ástæður lagabreytingarinnar:

„Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu var við samþykkt laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla, nr. 87/2008, ákveðið að þeim sem byrjað hefðu kennaranám fyrir gildistöku laganna yrði veittur frestur til 1. júlí 2011 til að fá leyfisbréf til kennslu að loknu bakkalárprófi og tilskildu námi í uppeldis- og kennslufræðum. Þar sem mennta- og menningarmálaráðuneytinu höfðu borist fyrirspurnir frá aðilum sem höfðu ekki getað lokið námi sínu til kennsluréttinda innan þessara tímamarka var lagt til að þau yrðu færð til 1. janúar 2012. Við meðferð málsins skoðaði nefndin sérstaklega hvort þessi frestur væri nægjanlega langur. Bent var á að umsagnarfrestur um grunnnám á háskólaárinu 2011–2012 var til 5. júní 2011 og þar af leiðandi gætu þeir nemendur sem frumvarpið lýtur að ekki nýtt sér þennan frest. Nefndin telur einnig að líta verði til sjónarmiða um réttmætar væntingar þeirra nemenda sem innrituðust fyrir 1. júlí 2008. Reglan um réttmætar væntingar er óskráð meginregla í stjórnisýslurétti en í reglunni felst m.a. að menn eiga að geta vænst þess að vissat ástand eða framkvæmd muni haldast. Nefndin telur því rétt að framlengja frestinn til að sækja um útgáfu leyfisbréfs til 1. júlí 2012.

Nefndin telur hins vegar mikilvægt að um leið og veittur er lengri frestur sé nauðsynlegt að afmarka eins og unnt er þann hóp sem þarf að nýta sér þann möguleika sem fresturinn gefur til að ljúka sínu námi svo að það sé engum vafa undirorpið hverjir eigi í hlut. Leggur nefndin því til að miðað verði við þá sem áttu við lok vormissiris 2011 þrjátíu eða færri einingum ólokið til prófs sem svarar til þess að vera fullt nám á einu missiri.

Samkvæmt eldri lögum um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, nr. 86/1998, kemur fram í 2. tölul. 1. mgr. 12. gr. að leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla megi veita þeim sem lokið hefur 120 námseiningum (240 ECTS-einingum) í faggrein sinni, eigi færri en 60–90 einingum (120–180 ECTS) í aðalgrein og 30–60 einingum (60–120 ECTS) í aukagrein hafi viðkomandi lokið 15 einingum (30 ECTS) í kennslufræði til kennsluréttinda til viðbótar.

Í nýjum lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 87/2008, er hins vegar undantekningarlaust krafist 60 ECTS eininga í kennslufræði enda er það í anda markmiðs laganna um að styrkja kennaramenntun í landinu. Nefndin telur því rétt að taka fram að fresturinn til að sækja um útgáfu leyfisbréfs gildi einnig um þá sem innrituðust í 60 eininga diplómanám til kennslu í grunn- og framhaldsskólum fyrir lok 1. júlí 2010.

Nefndin vill árétta að ekki verður um frekari framlengingu á fresti til að sækja um útgáfu leyfisbréfs.“

Niðurstaðan var sú að eftirfarandi breyting varð á 3. mgr. 23. gr. laga nr. 87/2008 á 139. löggjafarþingi:

„Þeim sem innrituðust í 180 eininga bakkalárnám til kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum fyrir 1. júlí 2008 og áttu við lok vormissiris 2011 þrjátíu eða færri einingum ólokið til prófs veitist frestur til að sækja um útgáfu leyfisbréfs til kennslu í leik-, grunn- og/eða framhaldsskóla til 1. júlí 2012. Sama gildir um þá sem innrituðust í 60 eininga diplómanám til kennslu í grunn- og framhaldsskólum fyrir lok 1. júlí 2010.“

Með þeirri breytingu sem lögð er til í frumvarpinu er ákveðið að þeir sem aflað hafa sér tilskilinnar starfsmenntunar fyrir gildistöku laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnaenda eigi rétt á útgáfu leyfisbréfs til kennslu óháð því hvenær þeir sækja um leyfisbréf.

Matsnefnd, skv. 7. gr. laganna, úrskurðar um vafaatriði, svo sem um inntak námsins eða tímasetningar prófskírteina. Með fullgildu kennaranámi er átt við formlegt starfsnám fyrir kennaraefni við erlendar menntastofnanir jafnt sem innlendar.

Hins vegar á þeim sem innrituðust í kennaranám árið 2009 og hófu nám um haustið að vera ljóst að þeir falli undir ákvæði laganna um fimm ára kennaranám enda nám þeirra skipulagt í háskólunum með tilliti til þess. Með hliðsjón af því á fresturinn ekki við þann hóp nemenda. Er það í samræmi við þann anda laga nr. 87/2008 að styrkja kennaramenntun í landinu. Lagt er til að allir sem innrituðust vorið 2009 og hófu námið haustið 2009 ljúki meistaraprófi á háskólastigi til að fá leyfisbréf án nokkurra undantekninga.